



## Fréttatilkynning frá Staðlaráði Íslands vegna alvarlegra vanefnda stjórnvalda sem leiða munu til verulegrar skerðingar á öryggi fólks m.a. á jarðskjálftasvæðum

Með þessari tilkynningu gerir Staðlaráð Íslands síðustu tilraun sína af fjöldamörgum, á fjögurra ára tímabili, til að skora á stjórnvöld, einkum þó innviðaráðherra, Sigurð Inga Jóhannsson, sem nú ber ábyrgð á mannvirkjalöggjöf í landinu, að viðurkenna skyldu sína við endurskoðun skyldubundinna þolhönnunarstaðla sem mynda kröfur til þolhönnunar mannvirkja á Íslandi.

**Skuldbindingar sem sem íslensk stjórnvöld undirgengust sjálf, og lögfestar voru með EES samningi, eru hundsáðar**

Ísland innleiddi árið 2005, tilmæli framkvæmdastjórnar ESB<sup>1</sup> um að 58 evrópskir þolhönnunarstaðlar yrðu staðfestir sem íslenskir og til kröfur þeirra innleiddar í íslenskt regluverk. Þar segir að aðildarríkin skuli hvert fyrir sig setja eigin ákvæði í viðauka. Þannig höfum við tekið upp grunnviðmið, sameiginleg fyrir alla Evrópu, en setjum svo viðbótarkröfur sem hæfa aðstæðum á hverjum stað. Stöðlun er alla jafna samvinnuverkefni allra hagaðila og unnin af landsstaðlasamtökum hvers ríkis. Þegar um er að ræða staðla sem vísað er til með bindandi hætti í löggjöf taka stjórnvöld virkan þátt í staðlagerðinni og fjármagna þá vinnu a.m.k. að einhverju leyti. Fyrir þessa vinnu greiddi umhverfisráðuneytið þegar íslenskir þjóðarviðaukar voru skrifaðir fyrst 2010 og hafði frumkvæði að þeirri vinnu.

Þegar endurskoðun þolhönnunarstaðlanna hófst í Evrópu 2019 lá frumkvæðið hér á landi hins vegar hjá einkaaðilum. Einkarekin fyrirtæki lögðu strax til þekkingu og vinnu sinna bestu sérfræðinga sem unnið hafa sleitulaust undir verkstjórn Byggingarstaðlaráðs, á eigin kostnað. Þeir sérfræðingar telja á þriðja tug. Verkefnið er gríðarlega viðamikl og varðar vinnu við 174 mislöng og misflókin stöðlunarskjöl. Þá eru fimm vinnuhópar að störfum á Íslandi með samtals 23 þátttakendum. Samhliða voru teknar upp viðræður við fagráðuneyti mannvirkjamála, þá félags- og barnamálaráðuneytið um aðkomu stjórnvalda að þessari vinnu. Nú fjórum árum eftir að vinnan hófst hafa viðræður um ábyrgð stjórnvalda á kerfi sem þau komu sjálf á, litlu skilað. Einkum er um að ræða greiðslur kostnaðar sem fellur til við verkefnastjórn. Einkafyrirtæki leggja til sérfræðiþekkingu og vinnu sinna starfsmanna.

Kostnaður sem þegar hefur fallið til nemur 0,026% af þeim viðbótarsköttum sem verða lagðir á fjölskyldur í landinu á næsta ári m.a. til að vernda eignir tveggja einkafyrirtækja í Svartsengi.

**Vinnunni verður hætt um næstu áramót enda hefur ríkið eingöngu greitt innan við fjórðung kostnaðarins og ekki lagt neitt til framtíðaráforma um að ljúka henni.**

### **Horfið frá ákvæðum löggjafar sem tryggir jarðskjálftaheldni húsa**

Fari endurskoðun þessi ekki fram, hefur það þær afleiðingar að á næstu misserum verða sjálfkrafa til ný viðmið, sem nú er vísað til í mannvirkjalöggjöf með bindandi hætti, sem innihalda **ENGAR KRÖFUR TIL ÞOLHÖNNUNAR MANNVIRKJA Á ÍSLANDI**. Íslensk stjórnvöld munu með því eftirláta byggingaraðilum og hönnuðum þeirra ákvörðun um styrkleika og þol mannvirkja hér á landi. Hægt verður að byggja og selja íslenskum fjölskyldum húsnæði sem þarf ekki að þola jarðskjálfta, svo dæmi séu nefnd. Það verður án afleiðinga enda ekki hægt að krefja byggingaraðila um að fylgja lögum sem ekki eru til.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð,

**Helga Sigrún Harðardóttir**  
**framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands**  
**s. 899 9961**

<sup>1</sup> Sjá ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 80/2005 um innleiðingu á tilmælum framkvæmdastjórnar ESB um framkvæmd og notkun evrópskra þolhönnunarstaðla fyrir byggingarmannvirki og byggingarvörur í burðarvirki.